

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 3. nóvember 2025 kl. 19:30 á Zoom.

Mættir: Baldur Haraldsson BS, Sigurður Arnar Pálsson AÍFS, Tryggvi Þórðarson KK og Aðalsteinn Símonarson BÍKR.

Fundargerð ritaði AS

1. Mótaröð í jepparally til Íslandsmeistara

Rætt um hugsanlega óvissu varðandi stig til Íslandsmeistara í jeppaflokki ef keppt er í honum bæði í jepparally og sérleiðarally.

Ákveðið að semja sérstakar keppnisgreinareglur fyrir jepparally (e. cross country rally) og hafa þær tilbúnar fyrir árslok. TMP mun búa til grunn í Reglus og ráðið hittist að nýju 17. nóvember til að vinna málið áfram.

2. Leiðbeiningar um lokanir sérleiða

Ákveðið að fresta umfjöllun fram á nýtt ár.

3. Tímatökubúnaður

Mikilvægt að keppnisráðið leggi sitt að mörkum til að í vetur verði látið á það reyna hvort grundvöllur sé fyrir að keppnishaldarar sameinist um kaup á rafrænum tímatökubúnaði af innlendum aðilum, til prófunar og notkunar á næsta keppnistímabili.

Ákveðið að AS boði keppnishaldara til fundar í næstu viku til að stilla saman strengi og taka ákvörðun um framhaldið.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20.19